

## REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð um verðbréfaréttindi, nr. 1125/2021.

## 1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. 8. gr. skulu þeir sem öðluðust verðbréfaréttindi skv. 3. mgr. 147. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, hafa frest til 1. júlí 2025 til að ljúka endurmenntun samkvæmt reglugerð þessari.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 41. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. nóvember 2024.*

F. h. r.

**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Sigríður Rafnar Pétursdóttir.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.